

Námsáætlun 2016 – 2017

Námsgrein: Samfélagsfræði – Landafræði og saga

Bekkur: 5

Kennslustundir 4 á viku

Áfangalýsing			
Ágúst-janúar <i>Landafræði:</i> Fjallað um innviði jarðar og aldur, jarðsögu Íslands og breytingar á umhverfi. Þá er fjallað sérstaklega um hvern landshluta fyrir sig. Unnin verða fjölbreytt verkefni og mikil áhersla lögð á samvinnu og sjálfstæð vinnubrögð. Námsfni lesið og unnin skrifleg verkefni í vinnubók. Janúar-júní <i>Saga:</i> Fjallað um söguna á tímum landnáms og tengingu Íslands við önnur lönd á þeim tíma. Lögð er áhersla á að nemendur fá tilfinningu og skilning á framvindu sögunnar og geti sett sig í spor fólks á ýmsum tímum, t.d. jafnaldra sinna. Nemendur fá að velta fyrir sér tengingum í námsefninu og leita að þráðum og samhengi. Nemendur vinna sjálfstætt að verkefnum og fá æfingu í að koma viðhorfum sínum á framfæri með fjölbreyttum hætti, munnlega og/eða skriflega.			
Tímabil	Markmið	Námsefni	Kennsluhættir og leiðir. Námsmat.
Ágúst	Nemendur -geti lesið á kort og átti sig á að til eru margar gerðir korta -þekki höfuðáttirnar -viti hvað bauganet er -þjálfist í notkun kortabóka	<i>Ísland – veröld til að njóta</i> bls. 4-9 <i>Vinnubók</i> með námsbókinni. Kortavefsjá Kortabók	Texti lesinn og unnin verkefni í vinnubók. Nemendur æfðir í að nota kortabækur, nemendur læra ýmis hugtök tengd samfélagsfræði. Nemendur lita og merkja inn á Íslandskort. Verkefni metið.
September	Nemendur -læri um lagskiptingu jarðar -kynnist hugtökunum eldvirkni, möttulstrókar og heitir reitir -læri um eldgos og jarðskjálfta -læri um skiptingu jarðskorpunnar í fleka og virkni tengda flekamótum -læri um náttúruvernd.	<i>Ísland – veröld til að njóta</i> Bls. 10-15 (sl. 16-23). Bls. 24-25. (sl. 26-29). <i>Vinnubók</i> með námsbókinni. www.nams.is Jarðfræðivefurinn. Kortavefsjá.	Texti lesinn og unnin verkefni í vinnubók. Nemendur æfðir í að nota kortabækur. Sleppa bls. 8-10 og bls.12 í vinnubók. Vettvangsferð á Minjasafnið, sýning á gömlum kortum skoðuð. Skoðuð myndbönd af jarðfræðivefnum. Könnun, krossapróf með bók 29. september.

Tímabil	Markmið	Námsefni	Kennsluhættir og leiðir
Október	Nemendur	<i>Ísland – veröld til að njóta</i> Bls. 30-87	Samvinnunám, paravinna og einstaklingsverkefni.
Nóvember	-læri um skiptingu landsins í landshluta -læri um jarðfræði, -læri helstu örnefni og kennileiti	<i>Ísland – veröld til að njóta</i> Vinnubók með námsbókinni.	Vinnubók metin.
Desember	-læri um helstu þéttbýlisstaði -læri um sögustaði -læri um þjóðgarða og friðlönd hvers landshluta fyrir sig.	<i>Kortabækur.</i> Efni af nams.is s.s. kort og ýmis myndbönd og myndir.	2 samvinnupróf úr landshlutum.
Janúar	-læri vel um einn landshluta og kynni hann.	<i>Ísland – veröld til að njóta.</i> Ýmsar uppflettibækur af bókasafni.	Hópverkefni um landshluta og kynning á verkefninu. Metið til einkunnar. Sjálfsmat.
Tímabil	Markmið	Námsefni	Kennsluhættir og leiðir
Janúar	Nemendur -hafi gert sér nokkuð góða mynd af Rómaveldi, umfangi þess, kennileitum og borgarlífi	<i>Frá Róm til Þingvalla</i> – Í Rómaveldi bls. 4-17 Grunnbók og verkefnahefti. Ítarefni á vefnum www.romarvefurinn.is	Lesið saman, umræður og verkefnavinna. Vinnubók metin. (Sambætt með ensku af vefnum http://www.bbc.co.uk/schools/primaryhistory/romans/)
Febrúar	Nemendur -geri sér grein fyrir uppruna og útbreiðslu kristni í Rómaveldi og víðar -átti sig á útbreiðslu kristni norður á bóginn -geri sér grein fyrir að sögur um fortíðina eru ekki alltaf sannar	<i>Frá Róm til Þingvalla</i> - Í Rómaveldi frh. bls. 18-25. - Frá Rómverjum til riddara bls. 26-41	Lesið saman, umræður og verkefnavinna. Vinnubók metin. Kafnanum skipt á nemendur eftir efnisgreinum og þeir gera útdrátt og kynna. Verkefni metið. (Sambætt með ensku af vefnum http://www.bbc.co.uk/schools/primaryhistory/romans/)

Mars	Nemendur -þekki helstu atriði í fornsögu norrænna þjóða -kynnist víkingatímanum -kunni sögur af landnámi Íslands	<i>Frá Róm til Þingvalla</i> -Víkingar og landnámsmenn bls. 42-49	Lesið saman, umræður og verkefnavinna. Verkefni metið. Verkefni metið.
Apríl - maí	Nemendur -hafi nokkra þekkingu á landinu við landnám, trú og siðum, atvinnuháttum og stjórnskipun á fyrstu öldum Íslandsbyggðar -viti hvernig kristni festi rætur á Íslandi	<i>Frá Róm til Þingvalla</i> -Íslendingar í heiðni og kristni bls. 54-77 Ítarefni: - <i>Laxdæla</i> eftir Gunnar Karlsson, - <i>Njála, Egla og Laxdæla</i> eftir Brynhildi Þórarinsdóttur <i>Egill</i> eftir Torfa Hjartarson	Lesið saman, umræður. Paraverkefni um persónur kaflans. Verkefni metið. Krossapróf, bækur leyfðar.
Námsmat			
Landafræði: Vinnubók 20%, könnun 30%, hópverkefni 30%, símat 20% (virkni í samvinnu, þrautseigju, sjálfstæði og ábyrgð, tjáning og miðlun upplýsinga).			
Saga: Vinnubók 20%, ýmis verkefni 30%, krossapróf 30%, símat 20% (virkni, samvinna, sjálfstæði og vinnubrögð).			
Heimanám			
Undirbúningur fyrir kannanir og vinnubækur sendar heim ef þarf að klára ákveðin verkefni.			
Kennarar, netföng			
Hrönn Bessadóttir hronnbessa@akmennt.is og Hulda Guðný Jónsdóttir huldag@akmennt.is			